

# Þínir löngu grönnu fingur

Lag og texti: Bubbi Morthens

Sem dagur og nótt voru augun grá  
opin kvika, full af þrá.

Sem sorgmætt haf var hugur þinn  
og hljómurinn ómar, vinur minn.

Þessar sérstöku hendur og hlátur þinn  
og hjartað sem ól þér tóninn sinn.

Þetta glott út í annað og ekkert var bannað  
og ástfangnir fingur skópu galdurinn.

Þú vaktir með draumum dimmar nætur  
meðan dagurinn svaf við þínar fætur.  
Sumir fórna öllu til að öðlast þann tón  
sem aðeins lifir þegar sálin grætur.

Snilligáfa er aðeins einstökum gefin  
angist hennar systir og bróðir hennar efinn  
á eftir þér höktu þegar heimurinn beið þín.  
Á hamingjunnar braut eru vandrötuð skrefin.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - Von (1992)
- Bubbi - Sögur 1990-2000 (2000)
- Bubbi - Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur (DVD, 2008)\*